

Breiðamerkursandur

Svæði það sem skilur að Suðursveit og Örafí, heitir Breiðamerkursandur (1). Milli bæja er hann 27 km, en er nokkuð gróinn og eykst sá gróður með hverju ári. Nokkru austar en á miðjum Breiðamerkursandi rennur Jökulsá til sjávar, stutt en vatnsmikil. Hún kemur úr stóru lóni við jökulröndina (Jökulsárlóni), en í það fellur sjór á flóði þegar ekki er fullt sumarvatn í ánni. Vestan Jökulsár er svæði, sem nefnt er Nýgræður. Þetta svæði er afréttarland frá Fagurhólsmýri I og Hnappavöllum III, sem eiga hluta af Felli í Suðursveit. Nýgræðurnar skiftast í Austur-Nýgræður og Heimri-Nýgræður (5 og 6). Vestast á Heimri-Nýgræðunum eru hreppamörk, sett á þessari öld, en voru óviss áður. Upp af Nýgræðunum eru Nýgræðnaöldur, jökulöldur, að mestu frá þessari öld, nú orðnar nokkuð grónar. Vestast upp af Jökulsárlóni er Rönd, grjótrönd sem kemur frá Esjufjöllum. Áður en lónið myndaðist, var grastorfa á Röndinni, sem var mjög loðin, enda var talsvert veiðibjölluvarp í henni. Jökulsá rennur til sjávar á Fellsfjöru, en hún nær vestur á móts við farveg Nýgræðnakvísla sem runnu milli Eystri-og Heimri Nýgræðna en falla nú í Jökulsá meðfram jökli. Vestan við Fellsfjöru tekur við Breiðamerkurfjara, og ofan við hana Hvalhausaur, en hann var nefndur Grjótfjara fram á 19.öld.

Vestan hreppamarka tekur við Breiðamörk, en það er land samnefndrar jarðar sem fór í eyði árið 1698. Þetta var sama jörðin og Breiða sem getið er í Njálu, en óvíst mun hvenær nafnið breyttist. Breiðamerkursandur er líka í Landnámu nefndur Breiðársandur, og er líklegast að hann hafi skift um nafn á svipuðum tíma og bærinn. Ekki er vitað nákvæmlega hvar bærinn stóð, en jökull gekk yfir rústir hans á 18.öld. Fremsta jökulaldan á hreppamörkunum heitir Hálfðánaralda og er kennd við Hálfðán Einar Jónsson frá Smyrlabjörgum í Suðursveit, sem drukknaði í jökullóni bak við hana 10.júlí 1915. Þá náði Breiðamerkurjökull nærri fram að Hálfðánaröldu (hann var þá yfirleitt nærri fremstu öldunum), en nú er mikið land komið undan jökli, sem kallast einu nafni Öldur. Breiðamerkurjökull er myndaður af þrem jökulstraumum; kemur sá austasti milli Suðursveitarfjalla og Esjufjalla, miðstraumurinn kemur milli Esjufjalla og Máfabyggða, (þar er eitt gamalt örnefni, Kaplaklif, en Fingurbjörg mun vera ungt). Vestasti jökulstraumurinn kemur milli Máfabyggða og Örafajökuls. Á Örafajökli er tindur sem heitir Þuríðartindur og er það frá þeim tíma þegar Örafajökull var mældur. Tilefni nafnsins var, að Þorsteinn

Guðmundsson í Skaftafelli, sem var fylgdarmaður mælingamannanna gæddi félögum sínum á pönnukökum, sem Þuríður systir hans hafði bakað, þegar þeir voru staddir við þennan tind. (Heimild: Sögn Björns Pálssonar á Kvískerjum, en honum sagði Þorsteinn Guðmundsson.) Vestan við Breiðamerkurfjöru tekur við Fjallsfjara, og er hún kennd við bæinn Fjall, sem stóð framanundir Bæjarskeri í Breiða-merkurfjalli og fór undir jökul árið 1700. Mörk milli Breiðamerkurfjöru og Fjallsfjöru eru að Kaplasklif komi fram undan Breiðamerkurmúla, og eru það nú talin mörk milli Breiðamerkur og Fjallslands, en það tekur við vestan Breiðamerkur. Upp við jökulinn er Breiðárlón, en úr því rennur Breiðá vestur í Fjallsárlón sem er framan undir Fjallsjökli (Fjallsárjökli). Áður (til 1954) rann Breiðá fram skammt vestan markanna milli Breiðármerkur og Fjallslands, og er þar farvegur eftir hana. Milli Breiðárfarvegs og Fjallsárlóns heitir Krókur, en þar mættust Breiðamerkurjökull og Fjallsjökull áður. Það land sem jökulinn lá á, á þessu svæði, heitir Króksöldur.

Vestan við Fjallsland tekur Kvískerjalandið við og eru mörkin milli þeirra að Miðaftanstindur beri í skarð í Eyðntindi, en báðir eru þeir í Breiðamerkurfjalli. Skammt ofan við fjöruna er á mörkunum graseyri sem nefnd er Markeyri.

Sigurður Björnsson skráði.